

# OF MIKIL BAKLEGA UNGBARNA GETUR VALDIÐ

# AFLÖGUN Á HÖFUÐKÚPU



*Eðlileg og samhverf höfuðkúpa*



*Óeðlileg og skökk höfuðkúpa*

Höfuðkúpa ungbarna er mjúk og mótanleg. Liggi barn oftast með höfuð snúið til sömu hliðar verður höfuðkúpan flatari þeim megin og önnur bein höfuðkúpu skekkjast einnig.

Skekkja á höfuðbeinum leiðir oft til truflunar á hálshreyfingum.

## Þetta þarf að fyrirbyggja með því að:

- Tryggja að barnið sofi með höfuð snúið jafnt til hægri og vinstri og stundum í miðju.
- Barnið sé lagt á magann oft á dag í vöku, til dæmis við hver bleyjuskipti.
- Barnið sé lagt á hliðar í vöku.
- Komi skekkja á höfuðkúpu, er ráðlegt að leita til heilsugæslu eða sjúkraþjálfara.

FÉLAG SJÚKRAÞJÁLFARA

LANDSPÍTALI

ÚTGEFANDI: LANDSPÍTALI ÁBYRGÐARMAÐUR: YFIRSJÚKRAÞJÁLFARI LANDSPÍTALA
HÖNNUN: SAMSKIPTADEILD LSH-2526

**Sjúklingafræðsla | Október 2019** **www.landspitali.is**